

Erindi til bæjarstjóra Garðabæjar v. Októberfest



Pálmi Geir Jónsson <Palmi@stjarnan.is>
To Guðjón Erling Friðriksson

Erindið: Fyrirhuguð Októberfest við Ásgarð, dagana 24.-27. ágúst.

Handknattleiks-, knattspyrnu- og körfuknattleiksdeild hafa ákveðið að snúa bókum saman og stefna að því að halda sameiginlega fyrsta *Októberfest* í Garðabæ á Ásgarðssvæðinu dagana 24.-27. ágúst. Viðburðurinn er að sjálfsögðu fjáröflun fyrir deildirnar en í leiðinni hugsaður sem skemmtileg viðbót við frábæra menningarviðburði í Garðabæ.

Októberfest sækir fyrirmynd sína til Bæjaralands í Þýskalandi en þar hefur Októberfest verið haldin síðan 1810 þegar Lúðvík konungur bauð öllum bæjarbúum til brúðkaupsveislu sinnar og bauð uppá mjöð og hestaveðreiðar en við lofum því að sleppa hestaveðreiðum.

Síðan þá hefur þessi hátíð stækkað og þróast og er núna haldin víðsvegar um heiminn við góðar undirtektir. Deildirnar telja að slík hátíð yrði frábær viðbót í menningarlíf Garðbæinga.

Áformað er að hátíðin sjálf verði staðsett fyrir framan stúkuna á Samsungvellinum en þar ætti að vera hægt að koma fyrir hátíðartjaldi sem rúmar um 350 manns í sæti.

Aðstandendur *Októberfest* ætla að fara alla leið með hátíðina. Tjaldið verður skreytt með bláum borðum, starfsmenn (leikmenn meistaraflokka) verða í viðeigandi búningum, boðið verður uppá bæverskar veitingar, eins og pylsur, kartöflusalat og jafnvel snitsel og verða gestir hátíðarinnar hvattir til að mæta í búningum. Viðburðurinn stendur yfir í þrjú kvöld fimmtudag, föstudag og laugardag. Það á eftir að útfæra dagskrána og aðgangsmál en reiknað er með að mesta púðrið yrði lagt í laugardagskvöld og jafnvel reiknað með að selt verði inn þar til að hafa stjórn á mannfjölda.

Fyrirmynd af slíkri hátíð er haldin í Hafnarfirði ár hvert og hefur sú hátíð skapað sér veglegan sess í menningarlífi Hafnfirðinga.

Staðsetning tjaldsins væri fyrir framan stúkuna að Samsung vellinum, þar er gott skjól, næg salerni við hlið Dúllubars og barinn sjálfur sem yrði líka nýttur, aðgengi að Stjörnuheimilinu og eldhúsinu og svo er svæðið nú þegar girt af. Svæðið er tiltölulega einangrað fyrir hávaða til nálæggra bygginga og því ætti að hljótaskið lítið áreiði af þessu.

Að setja upp svona hátíð er talsverð fjárhagsleg áhætta fyrir deildirnar sem standa að þessu. Tjaldið sem verður leigt kostar uppsett með borðum og hljóðbúnaði 2.9 milljónir. Reikna má með að listamennirnir verði á um 3 milljónir.

Forsvarsmenn *Októberfest* óska hér með eftir stuðningi og þátttöku Garðabæjar vegna hátíðarinnar. Stuðningurinn fæli í sér aðstoð frá áhaldahúsinu, losun rusls og úrgangs en einnig óskum við eftir fjárstuðnings upp á allt að 5.9 milljónum. Ef vel gengur með þennan viðburð verður þetta að árlegri hefð sem ætti að vera góð lyftistöng fyrir fjármögnun deildanna þriggja sem og menningarlíf Garðbæinga.

Með von um góðar móttökur.

Bestu kveðjur,

Pálmi Geir Jónsson
Fjármálastjóri Umf Stjörunnar



STJARNAN
GARÐABÆR

Sími/Tel
GSM/Mobile +354 565 1940
+354 858 6617 Stjörnuheimilinu v/ Ásgarð
210 Garðabær, Iceland